

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2005

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson

Samantekt taflna og umsjón með ársreikningum: Jón G. Guðbjörnsson

Forsíða: *Í sólarlaginu*

Ljósmyndari: Kerstin Langenberger, nemandi við LbhÍ

Prentun: Prentverk Akraness hf 2006

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála, nú iðnaðarráðherra. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast. Stjórn Framleiðnisjóðs annast einnig málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru einkum tvenns konar: Annars vegar starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Hins vegar eru það eftirstöðvar tekna fódursjóðs, sem er andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það, eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Skulu eftirstöðvarnar renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, er „skal, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, ráðstafa umræddu fé sem lánnum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparháttá á lögbýlum.“ Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var skipuð 15. janúar 2005 – til fjögurra ára. Í stjórninni eru:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landb.ráðherra
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af landb.ráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Elín Aradóttir, Hlíðarlundi 2, Akureyri, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs voru skipaðir í sömu röð tilnefningar:

Páll Stefánsson, Stuðlum, Árn.
Benjamín Baldursson, Ytri Tjörnum, Eyj.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Sif Ólafsdóttir í 75 % starfi. Þá annast stjórnarformaður einnig verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í stofnanabyggingu Borgarfjarðarsveitar á Hvanneyri. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2005 svo og ársreikning Garðávaxtasjóðs.



Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs; f.v.: Sveinn Ingvarsson, Elín Aradóttir, Bjarni Guðmundsson, Gunnar Sæmundsson, Kjartan Ólafsson og Jón G. Guðbjörnsson (ljósm.: Áskell Þórisson).

3. Starf Framleiðnisjóðs 2005

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt 13 formlega fundi á árinu 2005. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Árnes- og Rangárvallasýslur í ágúst, og heimsóttu marga aðila sem átt hafa eða eiga samskipti við sjóðinn. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sérstakar ferðir, m.a. í Eyjafjörð, Skagafjörð, Húnaþing, Borgarfjörð, um Kjós og þrjár sýslur Suðurlands til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Gáfust um leið tækifæri til að líta á framkvæmdir og meta aðstæður. Ótaldir eru þá fjölmargir fundir með einstaklingum og fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Nefna ber sérstaklega samráðsfund sem stjórnir Framleiðnisjóðs og Bændasamtaka Íslands héldu í Reykjavík þann 25. október þar sem rækilega var farið yfir sameiginleg viðfangsefni.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2004 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2005

Stjórn Framleiðnisjóðs setti sér í upphafi ársins 2005 starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglurnar mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur á árinu 2005 áherslu á viðfangsefni sem hafi þessi markmið:

- a. að auka framleiðni búgreina með rannsókn- og þróunarverkefnum*
- b. að styrkja tekjumöguleika í sveitum með nýsköpun í landbúnaði*
- c. að efla kunnáttu og færni í búrekstri sem og aðra þekkingu til nýsköpunar í landbúnaði*
- d. að efla og styrkja markaði fyrir búvörur og þjónustu búanna*
- e. að styðja hagræðingu í úrvinnslu búsafurða og efla atvinnufyrirtæki í dreifbýli.*

Á grundvelli b-liðar stefnumörkunarinnar ákvað stjórn Framleiðnisjóðs að bjóða sérstaklega fram styrki á eftirtöldum sviðum á árinu 2005:

FL 1 – Afþreying og menningartengd ferðaþjónusta bænda:

Verkefni sem miða að því að nýta staðbundnar aðstæður, tengdar mannlífi, sögu og náttúrufari, í því skyni að skapa ný tækifæri til atvinnu og eflingar byggð.

FL 2 – Heimavinnsla og sala afurða:

Verkefni sem felast í því að hagnýta hráefni landbúnaðar einstakra búa til framleiðslu og sölu nýrra afurða á þjóðlegum grunni.

FL 3 – Nýsköpunarverkefni kvenna:

Verkefni á vegum kvenna í sveitum, einstaklinga eða hópa, er miða að því að skapa ný tækifæri til atvinnu í landbúnaði og eflingar byggð.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2005

Á árinu 2005 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 235,0 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 160,0 mkr., auk 25,0 mkr. til sérstaks markaðsverkefnis, sjá lið 7d í þessari skýrslu. Fjármunatekjur námu 18,9 mkr. Eftirstöðvar föðursjóðs, er til Framleiðnisjóðs runnu, námu 50,0 mkr. Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og sammingsbundnar greiðslur námu 233,6 mkr. Á árinu 2005 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs, að teknu tilliti til hlutdeildar umsjárverkefna (sbr. rekstrarreikning), alls 18,7 mkr. samanborið við 17,8 mkr. árið 2004. Sjóðurinn er gerður upp með 1,5 mkr. afgangi samanborið við 23,0 mkr. tekjuafgang árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2005 námu 238,4 mkr.; þar af voru 211,1 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) sem nema liðlega 194 mkr. Útlán eru 11,8 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 43,5 mkr. í árslok 2005.

Um fjárhag Framleiðnisjóðsins er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.



Áhugi fyrir heimavinnslu og -sölu matvæla hefur vaxið. Framleiðnisjóður kom að nokkrum verkefnum á því sviði á árinu (ljósm.: Ásdís Helga Bjarnadóttir).

6. Umsóknir og erindi 2005

Á árinu 2005 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 235 erindi er borist höfðu en af þeim voru nokkur sem borist höfðu undir árslok 2004 að útrunnum starfstíma fráfarandi stjórnar. Af erindunum voru 68 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum, en 167 töldust til almennra umbótaverkefna á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning.

Á árinu 2005 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 160 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, nokkru fleiri en árið á undan (131). Af þeim voru 48 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 112 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var eða vísað frá 16 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 24 erindum hafnað eða þau utan starfssviðs sjóðsins. Nokkur erindi fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá voru fáein erindi í vinnslu hjá sjóðnum um áramót.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2005. Fylgt er efnisatriðaröð starfsstefnu sjóðsins, sjá 4. lið hér að framan. Skrár um einstaka styrki, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafaði fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir nánari skiptingu á milli þeirra. Sem fyrr skyldu samtök búgreinanna gera tillögur um ráðstöfun fjárins og/eða gefa umsagnir um umsóknir í þetta fé. Á árinu 2005 voru 50 millj. kr. áætlaðar til þessara verkefna. Tvennt réði skiptingu fjárins á milli búgreina: hlutur þeirra í verðmæti búvöruframleiðslunnar annars vegar, þ.e. grundvöllur búnaðargjalds (32%), og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu tolla af innfluttu kjarnfóðri hins vegar (50%). Þá var gert ráð fyrir 1,0 mkr. grunnframlagi til hverrar búgreinar (18%). Nær 45 mkr. af 50 mkr. nýttust til umræddra verkefna. Flest voru það kynbóta- og rannsóknaverkefni í þágu viðkomandi búgreina, þar sem sjóðsstjórn byggði afgreiðslu sína á umsögnum fagráða/stjórna búgreinanna. Stærstu einstöku styrkir voru vegna innflutnings erfðaefnis hænsna- og svínaræktar og aðstöðu til hans.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður einnig styrkt í tölulverðum mæli. Spurn eftir fjárstuðningi til þeirra hefur vaxið síðustu árin. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2005 hvað fjárupphæðir snerti voru vegna fódurræktarrannsókna Landbúnaðarháskóla Íslands, og til rannsóknaseturs Hólaskóla í fiskeldi. Önnur rannsókn- og þróunarverkefni, öll smærri, voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 3. töflu hér á eftir, svo og í 16. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Rannsóknamiðstöðvar Íslands um fjármögnun rannsókn- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Til samstarfsins samþykkti Framleiðnisjóður samtals 12,4 mkr. á árinu 2005, á móti 16,0 mkr. frá Rannís. Verkefni voru alls tíu. Skrá um þau er í 5. töflu.

Kynning niðurstaðna rannsókn- og þróunarverkefna. Sem fyrr voru niðurstöður margra rannsókn- og þróunarverkefna, sem Framleiðnisjóður hefur veitt styrki til, kynntar á Fræðapingi landbúnaðarins, en einnig á öðrum ráðstefnum og fundum. Er það í samræmi við áherslu sjóðsins á öflun og miðlun hagnýtrar þekkingar.



Framleiðnisjóður studdi verkefni Ferðapjónustu bænda um aðgengi fyrir alla. Hér hafa Eldhestar útbúið vandaða aðkomu fyrir gesti (ljósm.: Þórunn Edda Bjarnadóttir).

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2005 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2000 þús. kr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1000 þús. kr., voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin nær 62 mkr. sem er meira en árið á undan, enda umsóknir fleiri. Þó er um enn fleiri verkefni á vegum bænda að ræða, eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun. Nefna má reiðhallir í Borgarnesi, í Vestur – Húnavatnssýslu og í Eyjafirði. Krafist var mótframlaga styrkþega. Undir þessum lið má nefna þrjú verkefni varðandi heimavinnslu matvæla, en Framleiðnisjóður vakti sérstaklega athygli á þeim lið í kynningu sinni árið 2005.

Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2005

Landshluti	Ferða- búskapur	Búfj. og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Ýmis- legt	Alls
Vesturland	1	-	1	3	2	7
Vestfirðir	1	-	1	-	2	4
Norðurland v.	3	4	-	-	-	7
Norðurland ey.	3	2	2	-	1	8
Austurland	5	-	-	-	2	7
Suðurland	9	3	-	2	-	14
Reykjanes	1	-	-	-	-	1
SAMTALS	23	9	4	5	7	48

Ferðabúskapur er sú grein sem mest fór fyrir í umsóknum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Tæpur helmingur samþykktra verkefna í þessum flokki taldist til ferðaþjónustu í sveitum en 35% sé miðað við upphæðir samþykktra framlaga. Áformin í greininni eru fremur einhæf: Flest vörðuðu þau gisti- og veitingaaðstöðu.

Smáverkefnasjóður hefur einkum stutt handverk og önnur umfangsminni framleiðslu- og þjónustuverkefni, samhliða búrekstri eða annarri atvinnu sem tengist landbúnaði. Framleiðnisjóður hefur allt frá árinu 1991 lagt sjóðnum til starfsfé, en gert er ráð fyrir breyttri skipan málsins frá og með árinu 2006. Úthlutun fjár úr sjóðnum annaðist nefnd sem í sátu Jóhanna Pálmadóttir á Akri, formaður, Jón G. Guðbjörnsson á Lindarhvoli og Jónas Helgason í Æðey. Á árinu 2005 tók Smáverkefnasjóður 38 umsóknir fyrir, þar af nokkrar frá fyrra ári. Af umsóknum voru 28 afgreiddar með fyrirheiti um styrk, samtals að upphæð 7,38 mkr.; 6 umsóknum var hafnað, en 4 var vísað til Framleiðnisjóðs. Styrkfyrirheitin skiptust þannig eftir landshlutum - tölur í svigum eru fjöldi samþykktra umsókna Smáverkefnasjóðs á starfstíma hans (1991-2005):

2. tafla. Skipting samþykktra framlaga úr Smáverkefnasjóði árið 2005

Landshluti	2005	(alls)
Vesturland	2	(72)
Vestfirðir	3	(49)
Norðurland v.	5	(52)
Norðurland ey.	5	(102)
Austurland	6	(67)
Suðurland	5	(121)
Reykjanes m. Rvík	2	(25)
SAMTALS	28	(488)

Árni Jósteinsson verkefnisstjóri *Sóknarfæra til sveita* hjá BÍ annaðist einnig umsjá Smáverkefnasjóðs. Á árinu 2005 lagði Framleiðnisjóður fram fjármuni á móti Bændasamtökunum til að greiða vinnu Árna að verkefninu, sem standa mun í tvö ár. Árni gerði tvær athuganir sérstaklega fyrir stjórn Framleiðnisjóðs í því skyni að styrkja grundvöll ákvarðana um styrkveitingar sjóðsins: var önnur um afkomu ferðaþjónustubænda en hin um afkomu hrossabænda.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður landbúnaðarins studdi sem fyrr endurmenntun bænda og starfsmanna landbúnaðarstofnana með ferðastyrkjum til þátttakenda og greiðslu nokkurs hluta kostnaðar við hin ýmsu námskeið, m.a. á grundvelli samnings sjóðsins við búnaðarskólana og Bændasamtök Íslands. Nam samþykktur stuðningur samtals 9,0 mkr.

Framleiðnisjóður veitti 483 þátttakendum á 29 námskeiðum stuðning á árinu 2005. Eru það mun minni umsvif en árið á undan. Á vegum Hólaskóla voru haldin 2 námskeið með 20 styrkhæfum þátttakendum en 26 á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands með 444 þátttakendum. Á vegum Bændasamtaka Íslands var haldið 1 námskeið með 19 styrkhæfum þátttakendum. Þessi upptalning tekur einvörðungu til þeirra námskeiða sem falla undir fyrrgreindan samning FL, BÍ og skólanna. Þá lagði Framleiðnisjóður 6,0 mkr. til verkefnisins *Upplýsingatækni í dreifbýli* (UD) sem einnig annast endurmenntun á tölvu- og upplýsingatækni sviði. Þá tók sjóðurinn fjárhagslegan þátt í verkefninu *Nýsköpun 2005*.

Á árinu 2005 voru samþykktir námsstyrkir til sjö nemenda í MS- og PhD-námi í búvísindum við erlenda háskóla. Þá voru veittir tíu styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur), og einn starfsmaður landbúnaðarins hlaut ferða- og endurmenntunarstyrk. Loks studdi Framleiðnisjóður ferð forystumanna búnaðarsambandanna til Danmerkur og Noregs er þeir fóru m.a. til þess að kynna sér ráðgjafarstarf í þágu þarlandra bænda.

d) Markaðsöflun

Á árinu 2005 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð nær 19,5 mkr. Þar vóg þyngst viðbótarstuðningur sem sjóðurinn veitti verkefninu *Áform*; markaðsverkefni „vegna sölu og kynningar á íslenskum landbúnaðarafurðum erlendis.“ Reyndist fjárförf verkefnisins umfram umsamið starfsfé þess (25 mkr.), m.a. sakir mikilla umsvifa vestanhafs. Framkvæmdastjóri verkefnisins (*Áform*) er Baldvin Jónsson. Gerð verður grein fyrir verkefninu á öðrum vettvangi. Skrifstofa Framleiðnisjóðs annaðist fjársýslu verkefnisins til ársloka 2005. Þá lagði sjóðurinn verkefninu *Handverk og hönnun* til starfsfé fyrir hönd landbúnaðarins, en fulltrúi sjóðsins í verkefnisstjórn var Árni Snæbjörnsson, ráðunautur BÍ. Verkefnið lýtur ábyrgð forsætisráðuneytisins. Af öðrum stærri verkefnum má nefna að Framleiðnisjóður lagði Bændasamtökum Íslands lið vegna sveitaheimsókna skólabarna, markaðsstarfi Í-ess bænda vegna folaldakjöts, og verkefnumum *Food and Fun*, og *Iceland Naturally*; því síðartalda fyrir hönd Bændasamtakanna.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Á árinu 2005 lagði Framleiðnisjóður fé til annars atvinnureksturs á landsbyggðinni en getið er í b-lið. Þetta árið bar helst á umsóknum til setra og sýninga, er flokka má undir menningartengda ferðapjónustu, og er það dæmi um vaxandi áhuga á þeirri grein ferðabúskapar.



Vandaður golfskáli þar sem áður var fjós að Efra Seli í Hrunamannahreppi (ljósm.: Þórunn Edda Bjarnadóttir).

f) Garðávaxtasjóður

Hlutverk Garðávaxtasjóðs, sem er í vörslu Framleiðnisjóðs, er að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2005 voru 53,6 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam 1,7 mkr. (vöxtum af höfuðstól) til fastaverkefnis Landbúnaðarháskóla Íslands (áður RALA) og Útsæðisnefndar sem varðar viðhald heilbrigðra kartöflustofna. Þar sem fjárþörf verkefnisins var meiri en nam árstekjum Garðávaxtasjóðs var mismuninum mætt með viðbótarframlagi úr Framleiðnisjóði. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari ársskýrslu.

8. Framleiðniþörf – nýsköpunarþörf

Þessi árin verður síst minni breyting á landbúnaði en varð meginhluta síðustu aldar. Á það bæði við umhverfi greinarinnar og innri gerð hennar. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur starfað í nær fjóra áratugi. Hlutverk hans lögum samkvæmt var og er að auka framleiðni landbúnaðarins. Með breyttum markaðsháttum, m.a. aukinni samkeppni á ýmsum sviðum, hefur framleiðnisjónarmiðið orðið innbyggður hluti framleiðsluferils flestra og raunar allra búgreina. Þótt þörfin fyrir opinberan framleiðnihvata kunni af þessari ástæðu að hafa minnkað, er lítt breytt þörfin fyrir rannsókn- og þróunarstarf, ekki síst í þágu búgreina margra og dreifðra framleiðenda.

Landbúnaður felur í sér hinar mörgu leiðir til þess að nýta landið, kosti þess og skilyrði samfélaginu til vaxtar og viðhalds. Landbúnaður mótar dreifbýlið þótt hann einn, í þrengsta skilningi, sé þar ekki lengur næg undirstaða. Lífvænar byggðir byggjast á gagnvirkni hinna ýmsu atvinnugreina, líkt og sjá má að evrópskir nágrannar okkar ganga út frá í byggðaáætlunum sínum um þessar mundir. Hérlandis þurfum við ekki síður að leggja áherslu á fjölbreytileikann í atvinnukostum sveitanna. Ársskýrsla þessi ber með sér að Framleiðnisjóður hefur á árinu 2005 stutt við margvíslega nýbreytni í atvinnulífi sveitanna.

Það er kappsmál að umsamið þróunarfé ríkissjóðs og bænda, sem Framleiðnisjóði landbúnaðarins er falið til forsjár, nýtist vel. Framleiðnisjóður tekur þátt í nýsköpun og umsköpun atvinnu í sveitum, og óskar samstarfs við aðra aðila í leit að og mati á vænlegum viðfangsefnum og um stuðning við þau sem arðvænleg teljast.

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, er í hlut eiga, gagn- og ánægjuleg samskipti á árinu 2005.

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2005. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum; flokkun (FI) vísar til a-e liða í 4. kafla á bls. 5. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	FI	Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:			
Stofnungi sf.	A1	Endurbætur á eldishúsum og útungunarstöð	12.000.000
Garðávaxtasjóður	A1	Framlag Framleiðnisjóðs	1.700.000
Samband garðyrkjubænda	A1	Markaðsátak, afskorin blóm, pottablóm	2.000.000
Samband ísl. loðdýrabænda	A1	Innflutningur minkahögna frá Danmörku	3.000.000
Rósa Björk Sveinsdóttir	A1	Stærðarhagkvæmni í mjólkurframleiðslu	122.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Kálfauppeldi, áhrif kjarnfóðurs	1.000.000
Óðinn Gíslason	A1	Samanburður aðferða við heyöflun	300.000
Bændasamtök Íslands	A1	Tæknilausnir í fjósum	1.250.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Kennslubók í nautgriparækt	1.800.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Tækni við mjólkurfóðrun kálfa	900.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Áhrif lausra fitusýra í mjólk á bragðgalla	1.400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Legusvæði fyrir kálfa og kvígur	1.700.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Mjaltatækni, áhrif aðbún. á júgurheilbr.	900.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Próteinarfgerð ísl. kúamjólkur	1.500.000
Landssamtök sauðfjárbænda	A1	Dreifðar afkvæmarannsóknir á hrútum	2.000.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Innflutningur kynbótagrísa	10.900.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Rekstur einangrunarstöðvar í Hrísey	2.000.000
			44.472.000
Önnur þróunarverkefni:			
Landbúnaðarráðuneytið	A2	Einstaklingsmerkingar búfjár, tölvakerfi	2.750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Fóðureffirlit, loðdýrafóður	1.800.000
Hólaskóli	A2	Rannsóknarsetur sjávar- og ferskvatnseldis	7.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Riðuskimun, uppsetning nýrra aðferða	3.600.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknarstöð	A2	Kynbætur á ösp	650.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Jarðvegur og ræktun - 6 samþætt verkefni	9.350.000
Hólaskóli	A2	Matarkistan Skagafjörður	1.250.000
Veiðimálastofnun	A2	Bleikjurannsóknir, sölt strandsvæði	1.500.000
Náttúrustofa Reykjaness	A2	Orkubúskapur æðarfugls	400.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2	Joð, selen og kvikasilfur	1.000.000
Búnaðarsamtök Vesturlands	A2	Athugun á skeljasandi	200.000
Yfirdýralæknisembættið	A2	Samnorræn æfing í smitsjúkdómavörnum	250.000
Bændasamtök Íslands	A2	Alþjóðlegt kynbótamat fyrir íslenska hestinn	500.000
Búnaðarsamband Suðurlands	A2	Breyting leiðbeiningaþj. á starfssv. Bs. A.-Skaft.	900.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2	Heimavinnsla matvæla	850.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2	Rannsókn á skyri	1.500.000
Yfirdýralæknisembættið	A2	Mælingar á blóðþáttum	900.000
Bændasamtök Íslands	A2	Prófunarferli <i>Fjárþókar</i>	2.000.000
Meðalfell ehf.	A2	Tilraunaeldi á ál	1.800.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Verkun heys hjá bændum	900.000
Arna Bjartmarsdóttir	A2	Samanburður á fiskeldi á Íslandi, Noregi og Chile	150.000
Ólína Þ. Friðriksdóttir	A2	Húnaversmarkaður, stefnumótun	300.000
Elfa Dögg Þórðardóttir	A2	Lífmassi til orkuvinnslu	350.000
Birkir Þór Bragason	A2	Frumulffræði príon-próteins - PhD-verkefni	300.000
Býflugnaræktendafélag Íslands	A2	Býflugnarækt	500.000
Félag ferðaþjónustubænda	A2	Heimavinnsla og -sala matvæla	1.840.000
Bændasamtök Íslands	A2	Ný tækni við byggkynbætur	2.000.000
Bændasamtök Íslands	A2	<i>Sóknarfæri til sveita</i>	2.030.000

Nýsköpunarsjóður námsmanna	A2	Nýsköpunarverkefni námsmanna	990.000
			47.560.000
Samfjármögnun með Rannís:			
Rannsóknamiðstöð Íslands	A3	Tíu rannsóknaverkefni - hlutur FL	12.400.000
			12.400.000
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu	B1	sjá 4. töflu	61.918.000
Ýmis verkefni á vegum bænda:			
Samband ísl. loðdýrabænda	B2	Sóttkvíarbú fyrir minka	500.000
Hrossaræktarsamband Vesturlands	B2	Reiðhöll í Borgarnesi	3.000.000
Ferðamálanefnd Austur-Flóa	B2	Gönguleiðir, kort, stefnumörkun, átaksverkefni	500.000
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir	B2	Heimavinnsla matvæla, kynnisferð	70.000
Vopnskinn ehf.	B2	Skinnaverkunartæki, endurnýjun	1.000.000
Trausti Sveinsson	B2	Viðskiptaáætlun v. ferðaþjónustu	500.000
Hannes Lárusson	B2	Íslenski bærinn	500.000
Björgvin Sveinsson	B2	Skinnaverkunartæki	600.000
Bjarni Stefánsson	B2	Uppbygging skinnaverkunar	1.200.000
Ágúst Marínó Ágústsson	B2	Framleiðsla á viðarspæni	1.600.000
Búnaðarsamtök Vesturlands	B2	Skotveiðihlunnindi	1.000.000
Ragnar Jónsson	B2	Raforukvirkjun - undirbúningur	1.000.000
Dyngjan handverksfélag	B2	Flutningur söluskála, viðbygging	750.000
Hrossaræktarfélag Eyjafjarðarsveitar	B2	Reiðskemman á Melgerðismelum	1.740.000
Ullarvinnsla Frú Láru ehf	B2	Flókaframleiðsla	1.300.000
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	B2	<i>Smáverkefnasjóður</i> - starfsfé	3.000.000
Hrossaræktarsamtök V-Húnavetninga	B2	Reiðhöll á Gauksmýri, stofnun hlutafélags	1.750.000
Sóknarnefnd Þingeyrakl.sóknar	B2	Þjónustuhús v/ferðaþjónustu	1.000.000
Selasetur Íslands, Hvammstanga	B2	Sela- og hlunnindasetur /-sýning	2.000.000
			23.010.000
Endurmenntun og námskeið:			
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	C	Endurmenntun, bændanámskeið	9.000.000
Upplýsingatækni í dreifbýli / UD	C	Tölvunámsk., forritanotkun, upplýsingatækni	6.000.000
Búnaðarsamband Suðurlands	C	Námskeið, frumkvöðlafræðsla, átaksverkefni	180.000
Bændasamtök Íslands	C	Náms- og kynnisferð erl.	800.000
Frumkvöðlafræðslan ses	C	<i>Nýsköpun 2005</i> og Frumkvöðlafræðslan	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	C	Námsbók Grænni skóga	1.000.000
Aðalheiður Birna Einarsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Rósa Jósefsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Kristrún Snorradóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Hildur María Hilmarsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Erla Dögg Guðmundsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Helga Gústavsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Sigríður Jónsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Dagrún Magnúsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Rebekka Eiríksdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Sigurjón Einarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Valur Norðri Gunnlaugsson	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Andrea Rüggeberg	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Rannveig Guicharnaud	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Sigurður Eiríksson	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Sigurður Þór Guðmundsson	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Steinunn S. Ingólfssdóttir	C	Endurmenntun í búvísindum	1.000.000
Samband ísl. loðdýrabænda	C	Skinnaflokkunarnámskeið	240.000
Íslandsdeild NJF	A2	Gestafyrirlesari, þáttt. í kostn.	300.000
Rannsóknastofnun Háskólans á Ak.	A2	Fjölþjóðleg ráðstefna um byggðaðpróun	200.000

Samtök sveitarfél. í Vesturlandskj.	A2	Ráðstefnan <i>Landbúnaður á Vesturlandi</i>	200.000
Umf. Æskan, Miðdölum	C	<i>Þrekkvirki, námskeiðaröð</i>	500.000
			24.170.000

Markaðsmál:

Flugur ehf.	D	Farmers Market ullarvörumerki	900.000
Bændasamtök Íslands	D	Skólaverkefni - <i>Dagur með bónda</i>	2.500.000
Hólaskóli	D	Hestatengd þjónusta, gæði	450.000
Landssamband hestamanna	D	Hestaíþróttir, heimsmeistaramót	2.000.000
ÁFORM	D	<i>Food and Fun</i>	1.000.000
Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	D	Hestadagar - <i>Tekið til kostanna</i>	300.000
Landbúnaðarráðuneytið	D	<i>Áform</i>	5.000.000
Bændasamtök Íslands	D	<i>Iceland Naturally 2005</i> , kynningarátak í USA	880.000
Handverk og hönnun	D	<i>Handverk og hönnun</i>	3.400.000
Félag ferðaþjónustubænda	D	<i>Aðgengi fyrir alla</i>	200.000
Draugasetrið ehf.	D	Gerð kynningarefnis	750.000
Félag ferðaþjónustubænda	D	Endurhönnun kynningarefnis	700.000
Í-ess bændur	D	Betri markaður fyrir folaldakjöt	1.450.000
			19.530.000

Annar atvinnurekstur:

Þórbergssetur á Hala	E	Uppbygging Þórbergssseturs	2.000.000
Snorrastofa í Reykholti	E	Þróun sýningar og efnis	1.500.000
Búnaðarsamband A.-Hún.	E	Textilsetur Íslands, stofnun	1.250.000
Köttluvikur ehf. í Vík	E	Tilraunavinnsla á vikri	1.700.000
			6.450.000

239.510.000

Garðávaxtasjóður:

Landbúnaðarháskóli Íslands	G1	Eftirlit með stofnútsæði	230.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	G2	Heilbrigði stofnútsæðis	3.300.000
Landbúnaðarráðuneytið	G3	Útsæðisnefnd	150.000
			3.680.000



Búháttabreytingar - Einn af mörgum myndarlegum gististöðum sem bændur bjóða: Syðri Vík í Vopnafirði (ljósm.: frá Ferðaþjónustu bænda).

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-eflingar og þróunar á bújörðum 2005, sjá 7. kafla b hér að framan. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis. Upphæðir eru í krónum. Athugið að nöfn ábúenda/umsækjenda verkefnis geta verið fleiri en hér koma fram.

Nafn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Bergþóra Andrésdóttir	Kiðafell	Kjós.	Ferðaþjónusta	1.875.000
Margrét Magnúsdóttir	Hvítanes	Borg.	Dagvist barna í sveit	2.000.000
Jakob S. Sigurðsson	Steinsholt	Borg.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Guðrún Fjeldsted	Ölvaldsstaðir	Mýr.	Reiðskemman, f. börn og fatlaða	2.000.000
Anna Dóra Markúsdóttir	Berg	Snæf.	Hundahótel	1.200.000
Grís-afli ehf.	Gríshóll	Snæf.	Vatnsvirkjun	2.100.000
Guðbjartur Gunnarsson	Hjarðarfell	Snæf.	Hitaveita	400.000
Högni Gunnarsson	Hjarðarfell	Snæf.	Hitaveita	400.000
Daníel H. Jónsson	Ingunnarstaðir	A.-Barð.	Hitaveita	400.000
Hörður Grímsson	Tindar	A.-Barð.	Hitaveita	400.000
Guðjón Bjarnason	Hænuvík	V.-Barð.	Vatnsvirkjun	800.000
Sigrún Guðmundsdóttir	Kirkjuból	V.-Ís.	Ferðaþjónusta	1.800.000
Andrea Laible	Neðra Vatnshorn	V.-Hún.	Ferðaþjónusta	400.000
Pálmi Geir Ríkharrðsson	Syðri -Vellir	V.-Hún.	Tamningaaðstaða	1.860.000
Sigurður Björnsson	Ytra Kolugil	V.-Hún.	Ferðaþjónusta	250.000
Jón Gíslason	Hof	A.-Hún.	Ferðaþjónusta	1.750.000
Quality ehf.	Héraðsdalur	Skag.	Loðdýraskáli	2.000.000
Sigurgeir F. Þorsteinsson	Varmaland	Skag.	Tamningaaðstaða	1.600.000
Urðarköttur ehf.	Syðra-Skörðugil	Skag.	Loðdýrarækt	900.000
Georg Hollanders	Alda	Eyj.	Leikfangsmiðja	2.000.000
Gloppa ehf.	Engimýri	Eyj.	Ferðaþjónusta	700.000
Holtsselsbúið s/f	Holtssel	Eyj.	Heimavinnsla afurða	2.000.000
Stefán Tryggvason	Þórisstaðir	Eyj.	Ferðaþjónusta	1.000.000
Litli Garður ehf.	Litli Garður	Eyj.	Tamningaaðstaða	1.200.000
Atli Jespersen	Stekkjarkholt	S.-Þing.	Dúfnaeldi	500.000
Jón Sigurðsson	Hjarðarkholt	S.-Þing.	Plastiðja	300.000
Páll Kjartansson	Víðiker	S.-Þing.	Ferðaþjónusta	660.000
Björg Einarsdóttir	Bustarfell	N.-Múl.	Ferðaþjónusta	1.800.000
Ragnar Magnússon	Bakkagerði	N.-Múl.	Heimavinnsla afurða	1.925.000
Kristjana Júníusdóttir	Ekra	S.-Múl.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Ferðaþj. Smyrlabjörgum ehf.	Smyrlabjörg	A.-Skaft.	Heimavinnsla afurða	350.000
Guðrún Guðmundsdóttir	Hólmur	A.-Skaft.	Ferðaþjónusta	1.550.000
Kistugil ehf.	Skálafell	A.-Skaft.	Ferðaþjónusta	1.613.000
Þrúðmar Þrúðmarsson	Hoffell II	A.-Skaft.	Ferðaþjónusta	1.400.000
Gísli Kjartansson	Geirland	V.-Skaft.	Ferðaþjónusta	1.000.000
Skúli Baldursson	Syðri Steinsmýri	V.-Skaft.	Ferðaþjónusta	455.000
Ásta Berghildur Ólafsdóttir	Hestheimar	Rang.	Ferðaþjónusta	1.500.000
Bergþóra Reynisdóttir	Fagrahlíð	Rang.	Heilsurækt	2.000.000
Eyja Þóra Einarsdóttir	Moldnúpur	Rang.	Ferðaþjónusta	1.000.000
Ólafur Þórisson	Miðkot	Rang.	Tamningaaðstaða	1.750.000
Sigursæll ehf.	Hallgeirsey	Rang.	Ferðaþjónusta	500.000
Viðar Hafsteinn Steinarsson	Kaldbakur	Rang.	Tamningaaðstaða	1.750.000
Hermann Þór Karlsson	Efri-Brúnavellir	Árn.	Tamningaaðstaða	1.530.000
Hótelfélagið Skyggfir ehf.	Minni-Mástunga	Árn.	Ferðaþjónusta	1.600.000

Snæbjörn Sigurðsson	Efstidalur II	Árn.	Ferðapjónusta	2.000.000
Sóley Andrésdóttir	Tunga	Árn.	Ferðapjónusta	1.000.000
Vildís Ósk Harðardóttir	Hólar	Árn.	Sumarreiðskóli	1.500.000
Ingólfur Guðnason	Engi	Árn.	Ferðapjónusta	1.200.000
				61.918.000

5. tafla. Framlög sem Rannsóknamiðstöð Íslands (RÍ) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu til rannsóknna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar á árinu 2005. Upphæðir eru í þúsundum króna.

Nafn ábyrgðarmanns	Stofnun	Verkefni	RÍ	FL
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Rannss. Skógr rík.	Skógvist - líffræðileg fjölbreytni, framvinda	3.000	2.000
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Rannss. Skógr rík.	Viðarvöxtur og flæði kolefnis í asparskógi...	1.000	1.000
Kesera A. Jónsson	Líffr. HÍ	Erfðauppruni íslensks birkis	3.500	1.500
Kristín Svavarsdóttir	Landgræðsla Ísl.	Framvinda gróðurs á jökulsöndum	1.300	700
Valgerður Andrésdóttir	Tilraunast. Keldum	Varnir gegn veirusýkingum	1.000	1.000
Ólafur Arnalds	Lbhí	Þróun vistkerfa við landgræðslu	2.100	2.100
Áslaug Helgadóttir	Lbhí	Lifun rótarhnyða, niturbinding...	750	750
Guðmundur Halldórsson	Rannss. Skógr rík.	Útræn svepprot og næringarefnajafnvægi	1.350	1.350
Stefanía Þorgeirsdóttir	Tilraunast. Keldum	Riða og PrP arfgerðir	1.000	1.000
Vilhjálmur Svansson	Tilraunast. Keldum	Sumarexem, framl. ofnæmisvaka	<u>1.000</u>	<u>1.000</u>
			16.000	12.400

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-14

Staðfesting ársreiknings


Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu 2005 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 1,5 millj. kr. Eignir samtals eru 238,4 millj. kr. í árslok. Skuldir samtals eru 194,9 millj. kr. og eigið fé 43,5 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2006

í stjórn



Bjarni Guðmundsson,
formaður.



Gunnar Sæmundsson.




Sveinn Ingvarsson.



Elín Aradóttir.



Kjartan Ólafsson.



Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 1. mars 2006



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2005

	Skýr	2005	2004
Framlög:			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....	12	185.000.000	185.000.000
Fóðurtollar.....		50.000.000	50.000.000
Fengin framlög		<u>235.000.000</u>	<u>235.000.000</u>
Veitt framlög:			
Til markaðsverkefna skv. búnaðarlagasamningi.....	12	25.000.000	25.000.000
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	13	24.170.000	15.908.000
Samfjármögnun Rannís.....	14	12.400.000	17.400.000
Þróunarverkefni búgreina.....	15	44.472.000	27.875.000
Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni.....	16	47.560.000	43.080.000
Markaðsmál og vörupróun.....	17	19.530.000	11.840.000
Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli.....	18	6.450.000	14.350.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	19	84.928.000	60.157.000
Fyrnd framlög.....	20	(30.907.760)	(10.435.500)
Veitt framlög		<u>233.602.240</u>	<u>205.174.500</u>
Fengin framlög umfram veitt		1.397.760	29.825.500
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		18.855.343	10.987.757
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(904)	(1.630)
		<u>18.854.439</u>	<u>10.986.127</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	21	14.975.390	14.006.842
Annar rekstrarkostnaður.....	22	4.487.225	4.836.292
Hlutdeild annarra í rekstrarkostnaði.....	23	(750.000)	(1.000.000)
		18.712.615	17.843.134
Lagt í afskriftasjóð útlána.....	7	0	0
		<u>18.712.615</u>	<u>17.843.134</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>1.539.584</u>	<u>22.968.493</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýr	31.12.2005	31.12.2004
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....	8	<u>211.067.273</u>	<u>157.633.380</u>
Útlán:			
Útlán.....	6	30.631.048	41.768.060
Afskriftasjóður útlána.....	7	<u>(18.796.021)</u>	<u>(19.800.000)</u>
		<u>11.835.027</u>	<u>21.968.060</u>
Eignarhluti í félögum			
Hlutabréf.....	24	10.000.000	10.000.000
Aðrar eignir			
Áform, viðskiptareikningur.....		0	6.040.724
Skuldabréf.....		<u>5.510.030</u>	<u>6.347.566</u>
		<u>5.510.030</u>	<u>12.388.290</u>
Eignir alls		<u><u>238.412.330</u></u>	<u><u>201.989.730</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Skuldir og eigið fé

	Skýr	31.12.2005	31.12.2004
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	10	161.939.202	136.863.533
Umsýslufé.....	11	32.370.572	21.748.770
Viðskiptamenn.....		0	579.392
Ýmsar skammtímaskuldir.....		636.700	871.763
Skuldir		<u>194.946.474</u>	<u>160.063.458</u>
Eigið fé:			
Eigið fé.....	9	<u>43.465.856</u>	<u>41.926.272</u>
Eigið fé		<u>43.465.856</u>	<u>41.926.272</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>238.412.330</u></u>	<u><u>201.989.730</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnistæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 4 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar, í öðru lagi útlán, óverðtryggð með vöxtum, í þriðja lagi óverðtryggð útlán án vaxta og í fjórða lagi verðtryggð lán án vaxta.

	Eftirstöðvar 31.12. 2005	Vextir %
6.1. Skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar.....	<u>1.390.404</u>	5%
6.2. Óverðtryggð með vöxtum		
Preskir ehf.....	200.000	5%
Svínaræktarfélag Íslands.....	12.000.000	5%
Glæðir ehf.....	<u>9.537.500</u>	5%
	<u>21.737.500</u>	

Skýringar

6.3. Óverðtryggð án vaxta	
Loðdýrabændur.....	1.100.000
	<u>1.100.000</u>

6.4. Verðtryggð án vaxta	
ORF líftækni ehf.....	6.403.144
Útlán.....	30.631.048
Afskriftasjóður útlána.....	(18.796.021)
Útlán alls	<u>11.835.027</u>

7. Afskriftasjóður

Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Staða 1/1.....	19.800.000
Afskrifað á árinu	(1.003.979)
Lagt í afskriftasjóð á árinu.....	0
	<u>18.796.021</u>

8. Innistæður í lánastofnunum

2005

2004

KB banki.....	211.067.273	157.633.380
	<u>211.067.273</u>	<u>157.633.380</u>

Eigið fé

9. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Bókfært eigið fé í ársbyrjun.....	41.926.272
Hagnaður ársins.....	1.539.584
Eigið fé í árslok	<u>43.465.856</u>

Skýringar

10. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2005 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2002.....	22.960.000
Framlög samþykkt á árinu 2004.....	41.237.940
Framlög samþykkt á árinu 2005.....	97.741.262
Samtals	<u>161.939.202</u>

11. Umsýslufé

Framleiðnisjóður hefur tekið að sér fjármálaumsýslu tveggja verkefna. Eftirfarandi fjárhæðum var óráðstafað vegna þeirra í árslok 2005

Aðlögunarsamningur garðyrkjunnar	32.329.459
Átaksverkefni nautgriparæktunarinnar.....	41.113
Samtals	<u>32.370.572</u>

12. Áform markaðsverkefni

Innifalið í framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 25 millj. kr. framlag til markaðsverkefnis skv. 12. gr. búnaðarlagasamnings (Áform).

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

13. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

	2005	2004
Bændanámskeið.....	9.000.000	9.000.000
Styrkir til framhaldsnáms.....	2.250.000	1.500.000
Endurmenntun fagfólks.....	1.000.000	1.500.000
Starfsmenntunarstyrkir.....	1.500.000	600.000
Frumkvöðlafræðsla.....	1.180.000	458.000
Kynnisferðir starfsfólks.....	1.040.000	1.600.000
Ráðstefnur.....	700.000	0
Upplýsingatækni í dreifbýli.....	6.000.000	0
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	1.500.000	1.250.000
	<u>24.170.000</u>	<u>15.908.000</u>

Skýringar

	2005	2004
14. Samfjármögnun Rannís		
Samfjármögnun Rannís.....	12.400.000	17.400.000
	<u>12.400.000</u>	<u>17.400.000</u>
15. Þróunarverkefni búgreina		
Nautgriparækt.....	10.872.000	6.615.000
Sauðfjárrækt.....	2.000.000	5.130.000
Svínarækt.....	12.900.000	10.500.000
Alifuglarækt.....	12.000.000	0
Hrossarækt.....	0	500.000
Garðyrkja/garðrækt.....	3.700.000	3.730.000
Loðdýrarækt.....	3.000.000	1.400.000
	<u>44.472.000</u>	<u>27.875.000</u>
16. Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni		
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	1.200.000	10.750.000
Jarðvegs- og gróðurrannsóknir.....	11.550.000	11.330.000
Beitar- og fóðurrannsóknir.....	900.000	2.500.000
Rannsóknaraðstaða.....	10.600.000	0
Matvælarannsóknir.....	3.350.000	1.275.000
Umhverfisrannsóknir.....	600.000	3.500.000
Fiskirækt og hlunnindanýting.....	3.850.000	2.000.000
Ferðaþjónusta, þróunarverkefni.....	3.390.000	0
Sauðfjárrækt, önnur verkefni.....	2.000.000	0
Hrossarækt, önnur verkefni.....	500.000	0
Loðdýrarækt, önnur verkefni.....	1.800.000	2.400.000
Ráðgjafar- og gæðastjórnunarverkefni.....	2.050.000	2.950.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni.....	5.770.000	6.375.000
	<u>47.560.000</u>	<u>43.080.000</u>
17. Markaðs- og vöruþróun		
Bí upplýsinga- og kynningarmál.....	3.380.000	3.490.000
Verkefni á vegum Áforms.....	6.000.000	1.000.000
Kynning á íslenska hestinum.....	2.300.000	0
Markaðsþróun fyrir hrossakjöt.....	1.450.000	0
Vegna ferðaþjónustu.....	2.100.000	2.650.000
Vegna sauðfjárafurða.....	900.000	1.300.000
Handverk og hönnun.....	3.400.000	3.400.000
	<u>19.530.000</u>	<u>11.840.000</u>

Skýringar

18. Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli	2005	2004
Vegna iðnfyrirtækja.....	1.700.000	1.500.000
Vegna ferðapjónustu.....	3.500.000	2.000.000
Vegna afurðastöðva.....	0	10.850.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	1.250.000	0
	<u>6.450.000</u>	<u>14.350.000</u>

19. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Loðdýrarækt.....	6.200.000	2.450.000
Ferðapjónusta.....	30.053.000	26.925.000
Iðnaðarþjónusta.....	1.600.000	6.100.000
Tamningaaðstaða.....	21.680.000	9.250.000
Smávirkjanir og hitaveitur.....	5.500.000	400.000
Önnur verkefni stofnfrl.....	9.125.000	2.150.000
Bændaskógaverkefni.....	0	2.500.000
Handverksaðstaða.....	2.750.000	1.500.000
Hlunnindaverkefni.....	2.600.000	3.882.000
Heimavinnsla/sala afurða.....	2.420.000	
Smáverkefnasjóður.....	3.000.000	5.000.000
	<u>84.928.000</u>	<u>60.157.000</u>

20. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2001 og 2003 en hafa ekki verið nýtt. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins, sem giltu til og með árinu 2002 fyrnast loforð um framlög á fjórum árum. Í byrjun árs 2003 var verklagsreglunni breytt og fyrnast nú loforð um framlög á tveimur árum. Breyttar verklagsreglur leiða til þess að nú fyrnast óhafin loforð tveggja ára, þ.e. áranna 2001 og 2003.

21. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 6,9% milli áranna.

Stjórnarlaun.....	4.024.080	4.275.720
Laun.....	8.777.497	7.801.836
Launatengd gjöld.....	2.173.813	1.929.286
	<u>14.975.390</u>	<u>14.006.842</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 9,3 millj. kr. á árinu 2005.

Skýringar

22. Annar rekstrarkostnaður:	2005	2004
Ferðakostnaður.....	341.238	307.145
Akstur.....	1.201.950	1.247.307
Síma- og póstkostnaður.....	385.921	453.429
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	522.900	581.000
Prentun, pappír og tölvukostnaður.....	335.986	361.907
Fundakostnaður og auglýsingar.....	521.847	686.101
Húsnæðiskostnaður.....	1.024.143	845.650
Gjaldf. kostn. v/tölvubúnaðar.....	0	248.701
Ýmis kostnaður.....	153.240	105.052
	<u>4.487.225</u>	<u>4.836.292</u>

23. Hlutdeild í rekstrarkostnaði

Umsýsla vegna Áforms markaðsverkefnis.....	<u>750.000</u>
	<u>750.000</u>

24. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 millj. kr. Nafnverð hlutarins er 1 millj. kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 1,063%.

Garðávaxtasjóður

Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Skýringar.....	7

Staðfesting ársreiknings

Sjóður samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn er í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast daglegan rekstur sjóðsins.

Á árinu var tekjuafgangur af rekstri Garðávaxtasjóðs er nam 2,0 millj. kr. Eignir samtals námu 53,8 millj. kr. í árslok. Skuldir námu 0,2 millj. kr. og eigið fé 53,6 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning Garðávaxtasjóðs fyrir árið 2005 með undiritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2006.

Í stjórn



Bjarni Guðmundsson,
formaður.



Gunnar Sæmundsson.




Sveinn Ingvarsson



Elín Aradóttir.



Kjartan Ólafsson.



Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Garðávaxtasjóðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Garðávaxtasjóðs samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 3. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2005 og efnahag 31. desember 2005, í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 1. mars 2006.


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2005

	Skýr	2005	2004
Rekstrartekjur:			
Framlög úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.....		1.700.000	780.000
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3	<u>4.012.021</u>	<u>4.057.521</u>
Rekstrartekjur		<u>5.712.021</u>	<u>4.837.521</u>
Rekstrargjöld:			
Veitt framlög.....	4	<u>3.680.000</u>	<u>3.280.000</u>
Rekstrargjöld		<u>3.680.000</u>	<u>3.280.000</u>
Tekjuafgangur		<u>2.032.021</u>	<u>1.557.521</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir

	Skýr	31.12.2005	31.12.2004
Bankareikningur.....	2	53.783.295	51.521.274
Eignir alls		53.783.295	51.521.274

Skuldir og eigið fé
Skuldir

Óhafin framlög.....		230.000	0
---------------------	--	---------	---

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2005.....		51.521.274	49.963.753
Tekjuafgangur ársins.....		2.032.021	1.557.521
		53.553.295	51.521.274

Skuldir og eigið fé alls

		53.783.295	51.521.274
--	--	------------	------------

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Garðávaxtasjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnistæður.

Vaxtatekjur, verðbætur

3. Vaxtatekjur og verðbætur sundurliðast þannig:	2005	2004
Vaxtatekjur.....	1.895.221	2.107.726
Verðbætur.....	2.116.800	1.949.795
	<u>4.012.021</u>	<u>4.057.521</u>

Veitt framlög

4. Veitt framlög sundurliðast þannig:

Útsæðisnefnd.....	150.000	0
Heilbrigðiseftirlit með stofnútsæði.....	230.000	0
Stofnrækt kartaflna.....	3.300.000	3.280.000
	<u>3.680.000</u>	<u>3.280.000</u>